

Reykjavíkurborg
b/t Haraldur Sigurðsson
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2019
UST201906-276/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030 - íbúðabyggð og blönduð byggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030.

Í greinargerð kemur fram að megin tilgangur breytingartillagna er að herða á framfylgd megin markmiða aðalskipulagsins um sjálfbæra, hagkvæma, fjölbreytta, samkeppnisfæra og lífvænlega borg.

Í greinargerð kemur fram að mikilvægt sé að þetta byggð og stemma stigu við frekari útpenslu borgarsvæðanna, með tilheyrandi landnotkun, neikvæðum áhrifum á líffræðilegan fjölbreytileika og náttúru.

Markmið uppbyggingar þéttrar og blandaðar byggðar verði einkum á eldri og vannýttum atvinnusvæðum (brownfield) og ekki verði gengið á græn svæði og óraskað land í jaðri þéttbýlisins.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að stemma stigu við útpenslu borgarinnar með því að þetta byggð og nýta m.a. eldri atvinnusvæði til uppbyggingar blandaðar byggðar og þar með hlífa náttúru, vistgerðum og lífríki.

Náttúruvernd

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skoða verði í breytingatillögunni hver áhrifin verða á náttúru og lífríki við svokölluð þéttingar- og endurhönnunarsvæði.

Auk þess tekur Umhverfisstofnun undir mikilvægi þess sem kemur fram í matslýsing að skoðað verður í breytingartillögunni áhrif hennar á friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá og svæði sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur m.a. að leirurnar við Geirsnef falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en leirur eru meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðflugla hér á landi.

Í 61 gr laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa sem taldar eru upp í 1. mgr. greinarinnar. Skv 3 mgr. ber að forðast roskun þeirra náttúruvafyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt roskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við votn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stoðuvotn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst roskun verði á bókkum og næsta umhverfi vatnsins.

Ellidaárvogur - Grafarvogur

Í verkefnislýsingu (bls. 13) eru settar fram hugmyndir í samþykktu rammaskipulagi frá 2017 um frekari landfyllingar í Ellidaárvogi undir blandaða byggð.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (www.ni.is) kemur fram að Grafarvogur er sérstaklega mikilvægur staður á fartíma fugla og nær þá sendlingur alþjóðlegu verndarviðmiði. Yfir vetrartímam er mikið af gulond í mynni voganna og nær fjöldinn þar alþjóðlegum verndarviðmiðum. Auk þess hafa yfir þúsund rauðbrystingar og lóuprælar sést á svæðinu og margar aðrar vaðfuglategundir safnast þarna saman.


Umhverfisstofnun bendir á strandsjór við Ísland fellur undir vatnatilskipun Evrópusambandsins (2000/60/EC) sem var innleidd í íslensk lög nr 36/2011 um stjórn vatnamála. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan strandsjávarhlots númer: 104-1303-C Innri sund – Ellidaárvogur / Grafarvogur. Vatnshlotið er lítið og skjólsælt. Það afmarkast annarsvegar af Laugarnestanga/Viðey hinsvegar af Gufunesi/Viðey. Samkvæmt markmiðum reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.

Umhverfisstofnun telur að frekari landfyllingar á svæðinu geti haft neikvæð áhrif á lífríki svæðisins og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að skoða þann kost nánar. Auk þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig landfyllingar samræmis leiðarljósi breytingartillogunnar, sem er að stemma stígu við útpenslu byggðar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Marianne Jensdóttir Fjeld
sérfræðingur